



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 7. júní 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 93. fundar miðvikudaginn 7. júní 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 1. júní.
2. Fundarferð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevnd frá 31. maí.
3. Umsókn um byggðakvóta.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 1. júní kynnt. Forseti bauð velkomin til fundarins þau Bjarna Stefánsson, sýslumann og Ernu Jónmundsdóttur, deildarstjóra innheimtumiðstöðvar. Eru þau mætt vegna 1. liðar fundargerðarinnar og kynntu sín sjónarmið. Talsverðar umræður urðu um málið. Viku Bjarni og Erna af fundi að loknum umræðum. Bæjarstjóra falið að kanna frekari möguleika á makaskiptum annarrar og 3ju hæðar að Hnjúkabyggð 33. Samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 31. maí kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
3. Umsókn um byggðakvóta. Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir að úthluta 20 tonna byggðakvóta til Skarfakletts ehf. sem gerir út Arney HU 36 enda geri fyrirtækið samning við fiskvinnslustöð á Blönduósi. Samþykkt með 5 atkvæðum samhljóða, 2 sitja hjá.

Forseti þakkaði samstarfið sl. ár og óskaði fólki velfarnaðar.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason
Þórdís Hjálmarsdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Margrét Einarsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir

Stefanía A. Garðarsdóttir